



**Árþing Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra, SSNE
2.-3. apríl 2025
Haldið á Hotel Natur, Svalbarðsstrandarhreppi.**

Þinggerð

Miðvikudagurinn 2. apríl

Þingsetning

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar SSNE, setur þingið og býður þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Formaður leggur til að Þórunn Sif Harðardóttir, sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps verði þingforseti.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Formaður leggur til að Elva Gunnlaugsdóttir og Díana Jóhannsdóttir verkefnastjórar SSNE verði þingritarar.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða, og formaður felur þingforseta stjórn þingsins.

Þingforseti kallar eftir athugasemdum um boðun þingsins. Engar athugasemdir eru gerðar við boðun þingsins.

Þingforseti kynnir tillögu um eftirfarandi kjörnefnd þingsins:

Arnar Stefánsson, Fjallabyggð – formaður
Hulda Elma Eysteinsdóttir, Akureyrarbær
Aldey Unnar Traustadóttir, Norðurþing

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti kynnir tillögu um eftirfarandi fjárhags- og stjórnsýslunefnd:

Finnur Yngvi Kristinsson, Eyjafjarðarsveit
Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbær
Hjálmar Bogi Hafliðason, Norðurþing
Gerður Sigtryggsdóttir, Þingeyjarsveit
Axel Grettisson, Hörgársveit

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Hvernig grípum við tækifærin

Þingforseti færir Díönu Jóhannsdóttur, verkefnastjóra SSNE stjórn þingsins. Díana stýrir málstofu um fjárfestingartækifæri sveitarfélaganna og landshlutans. Erindi voru frá Haraldi Hallgrímssyni frá Landsvirkjun, Karen Mist Kristjánsdóttur frá Eimi og Katrínu Sigurjónsdóttur sveitarstjóra Norðurbings.

Þingforseti tekur aftur við stjórn þingsins klukkan 12:20 og óskar eftir álit kjörnefndar og gefur Arnari Þór Stefánssyni orðið.

Arnar Þór Stefánsson fer yfir niðurstöðu kjörnefndar. Mættir eru 31 þingfulltrúar en það þarf 24 þingfulltrúa svo þingið sé löglegt. Það er því niðurstaða kjörnefndar að ársþing SSNE sé löglegt.

Gert var hlé fyrir hádegismat kl. 12:30.

Leiðtogar í heita pottinum – efling kjörinna fulltrúa

Þingforseti gefur Láru Kristínu Skúladóttur orðið og stýrir hún vinnustofu um leiðtogahæfni. Þingforseti þakkar fyrir gott starf og gert er hlé á þingstörfum til morguns.

Þinghlé

Fimmtudagurinn 3.apríl

Þingforseti býður gesti velkomna aftur til þings og gefur stjórn þingsins yfir til Bryndísar Gunnlaugsdóttir og Jóhönnu Sigurjónsdóttur sem annast vinnustofu um breytingar á 9. kafla sveitarstjórnarlaga.

Breytingar á 9. kafla sveitarstjórnarlaga

Vinnustofa um breytingar á 9. kafla sveitarstjórnarlaga leidd af Bryndísi Gunnlaugsdóttur, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Jóhönnu Sigurjónsdóttur, frá innviðaráðuneytinu.

Ávörp gesta

Þingforseti býður **Loga Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra** og fyrsta þingmann Norðausturkjördæmisins velkominn í pontu.

Logi Einarsson ber kveðju frá þingmönnum landshlutans og segir frá samstarfi og samtali við landshlutann. Logi segir frá því að í menningarráðuneytinu er í gangi áhersluverkefni um aðgengi að menningu óháð búsetu. Í dag erum við að leggja mikið fé í menningu og listir en hann spyr hvort við séum að nýta það fjármagn á bestan hátt. Logi segir að stefna ríkisstjórnar sé að styrkja innviði landsins og vinna fyrir allt landið og eitt af því sem er mest rætt er auðlindagjöldin, en hann segir þau vera sett á til að skapa svigrúm til innviðauppbýggingar. Veiðigjöld eiga að standa undir kostnaði við greinina en líka að tryggja tekjur til uppbyggingar t.d. í vegamálum og heilbrigðismálum. Logi fer yfir mikilvægi nýsköpunar á landsbyggðinni, en hlutverk ráðuneytisins er að tryggja að nýsköpun fái að blómstra um allt land.

Þingforseti opnar fyrir spurningar til ráðherra.

Rætt af hverju þessi leið til innheimtu veiðigjalda var farin en ekki til dæmis að skattleggja arðgreiðslur félaganna. Þá var mikið gagnrýndur sá stutti umsagnarfrestur sem var gefin, skortur á gögnum og sú staðreynd að ekki virðist lítið á sveitarfélögin sem hagsmunaaðila í þessu máli. Þá var einnig bent á mikilvægi nýsköpunar í sjávarútvegi að hvort þessi breyting myndi minnka þá nauðsynlegu nýsköpun sem þarf í greinina.

Ráðherra svarar því að þessi leið hafi verið farin því ríkisstjórnin telji að þessi gjöld endurspegli betur þau verðmæti sem félögin eru að fá. Það sé ljóst að sjávarútvegsfyrirtækin séu aflögufær miðað við þær miklu arðgreiðslur sem hafi verið greiddar út. Þá sagði ráðherra að hann myndi brýna fyrir nefndinni að senda umsagnarbeiðni á sveitarfélögin.

Til máls tóku: Þröstur Friðfinnsson sveitarstjóri Grýtubakkahrepps, Eyrún Ingibjörg sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð, Finnur Yngvi Kristinsson sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit

Heimir Örn Árnason, forseti bæjarstjórnar Akureyrar vekur athygli á því verkefni sem ríkisskattstjóri hefur boðað varðandi skattlagningu í tengslum við íþróttafélög og óskar eftir því að stigið verði varlega til jarðar og vandað til verks. Ráðherra mun koma þessari brýningu áfram.

Svavar Pálsson, sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra, vekur athygli á því frumvarpi sem liggur fyrir um sameiningu sýslumannsembættta. Gefinn hafi verið mjög stuttur frestur til umsagna og ljóst að keyra eigi frumvarpið í gegn. Ráðherra vekur athygli á því að í frumvarpinu sé talað um eflingu þjónustu og að ekki eigi að fækka sérfræðistörfum, sem verði að teljast jákvætt skref.

Miriam Blekkenhorst sveitarstjórnarfulltrúi í Langanesbyggð, ræðir utanríkismál og hergagnakaup. Ráðherra svarar að Íslendingar leggi aðeins 0,18% í stuðning við Úkraínu og telur hann óraunhæft að setja þær kvaðir á þann stuðning að engin hergögn sé keypt. Almennt hafi stuðningur Íslands verið borgaraleg aðstoð.

Hilda Jana Gísladóttir ræðir mönnun og aðbúnað í tengslum við SAK og spyr hvort aukið fjármagn geti farið í viðhald. Ráðherra telur svo vera.

Sigurður Þór Guðmundsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Langanesbyggð vekur athygli á því að Listasafni Íslands vanti húsnæði og spyr hvort ráðherra vilji flytja safnið ef Langanesbyggð gefur lóð undir safnið. Ráðherra þakkar gott boð en segir að þau fjögur höfuðsöfn sem Íslendingar hafa eigi að vera í Reykjavík, en þó verði að skoða þann sogkraft sem borgin hefur á aðra fjármögnun í menningarmálum.

Þingforseti býður **Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga** velkominn í pontu. Arnar segir að það sé mikilvægt að koma og hitta sveitarstjórnarfólk. Arnar ræðir um samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um ábyrgðaskiptingu. Jafnframt segir Arnar að sambandið muni styðja við sveitarfélögin í umsögnum um þau mál sem snúa að sveitarfélögunum, svo sem veiðigjöld og gjaldtöku á ferðamannastöðum. Arnar ræðir jafnframt um þá innviðaskuld sem er sannarlega til staðar hjá hinu opinbera en hún er einnig hjá sveitarfélögunum. Sveitarfélögin reka jafn umfangsmikið vegakerfi og ríkið en sveitarfélögin geta ekki tekið upp nýja tekjustofna. Þá fór Arnar yfir það baráttumál að afnema virðisaukaskatt af innviðauppbýggingu sveitarfélaganna.

Spilað er upptekið erindi frá **Eyjólfi Ármannssyni, innviðaráðherra**. Í erindi sínu fjallar Eyjólfur um samvinnu sveitarfélaga, sameiningar sveitarfélaga og um breytingar á lögum sveitarstjórnarlaga. Eyjólfur kemur jafnframt inn á mikilvægi Sóknaráætlana.

Almenn aðalfundarstörf

Þingforseti tekur til máls og leggur til að umræða um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra, ársreikning og endurskoðaða fjárhagsáætlun verði tekin sameiginlega í lokin, er það samþykkt samhljóða.

Þingforseti gefur þá Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar SSNE orðið og flytur hún skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár.

Þingforseti gefur Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur, framkvæmdastjóra SSNE orðið og flytur hún skýrslu framkvæmdastjóra.

Þingforseti gefur Níels Guðmundssyni, endurskoðenda hjá Enor ehf. orðið og kynnir ársreikning SSNE fyrir árið 2024.

Þingforseti gefur Rögnvaldi Guðmundssyni verkefnastjóra fjármála og rekstur SSNE orðið. Rögnvaldur kynnir endurskoðaða fjárhagsáætlun SSNE fyrir árið 2025 og drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026-2028.

Þingforseti óskar eftir umsögn fjárhags- og stjórnsýslunefndar um fjárhagsáætlun og gefur Finni Yngva Kristinssyni formanni nefndarinnar orðið.

Finnur þakkar fjármálastjóra fyrir góðan undirbúning og fer yfir greinargerð nefndarinnar.

Þingforseti gefur Helenu Eydísi Ingólfssdóttur orðið til að fjalla um tillögu um breytingar á launum stjórnar. Helena leggur fram tillögu um að fresta ákvörðun fram á haustþing.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingforseti opnar fyrir mælendaskrá um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra, ársreikning og endurskoðaða fjárhagsáætlun SSNE.

Gunnar Már Gunnarsson tekur til máls og leggur til að landshlutasamtökin öll sendi opið bréf til þeirra alþingismanna sem áður sátu í sveitarstjórnnum og eiga að þekkja mikilvægi Sóknaráætlana landshlutanna þar sem þeim er falið að tala við kollega sína og fræða þá um þetta mikla mikilvægi og tryggja aukið framlag til Sóknaráætlana landshlutanna.

Snorri Finnlaugsson tekur til máls og þakkar greinargóða yfirferð en spyr hvort stjórn hafi skoðað að lækka framlög sveitarfélaganna þar sem handbært fé er umtalsvert.

Arnór Benónýsson tekur til máls og fjallar um mikilvægi þess að fá aukin framlög til Sóknaráætlana. Jafnframt vekur hann athygli á mikilvægi flugþróunarsjóðs og mikilvægi þess að berjast fyrir lengri stuðningi við flug til að tryggja flug inn í nýja gátt.

Rögnvaldur Guðmundsson tekur til máls og skýrir að handbært fé sé að stærstum hluta vegna ógreiddrar styrkja í tengslum við Sóknaráætlanir.

Lára Halldóra tekur til máls og segir stjórn sé meðvituð um hlutverk sitt og sé vakandi fyrir því að lækka framlög sé það hægt.

Þingforseti lokar fyrir mælendaskrá og ber upp ársreikning til staðfestingar fundarins. Ársreikningurinn er samþykktur samhljóða.

Þingforseti ber upp endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árin 2025-2028 undir atkvæði fundarins. Endurskoðuð fjárhagsáætlun er samþykkt samhljóða.

Tillögur og ályktanir frá stjórn og þingfulltrúum

Albertína fer yfir tillögu stjórnar um breytingar á samþykktum SSNE.

Farið er yfir hverja grein fyrir sig, opnuð mælendaskrá um hana og hún svo lögð fyrir til samþykkis.

- 1.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 2.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

- 3.gr. Opnað fyrir mælendaskrá um greinina.
Jóna Björg Hlökkversdóttir tekur til máls og leggur til breytingartillögu þess efnis að ljóst sé að gestir hafi málfrelsi og tillögurétt. Sigurður Þór Guðmundsson tekur til máls og leggur til breytingartillögu þess efnis að aftur sé settur inn listi yfir gesti sem hafa málfrelsi og tillögurétt. Gunnar Már Gunnarsson tekur til máls og leggur til leiðréttingu á breytingartillögu Sigurðar. Jóna Björg dregur breytingartillögu sína til baka og styður breytingartillögu Sigurðar. Breytingartillagan er borin upp og samþykkt samhljóða.
- 4.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 5.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 6.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 7.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 8.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 9.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 10.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 11.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 12.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 13.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 14.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- Albertína óskaði eftir leyfi þingsins til að taka fyrir 16. grein á undan 15. grein, engar athugasemdir voru gerðar við þá breytingu. 16.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 15.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina.
Albertína bar upp breytingartillögu stjórnar þess efnis að ekki yrðu sex varamenn í úthlutunarnefnd heldur þrír. Jóna Björg tók til máls og velti því upp hvort festa ætti í samþykktum að horft sé til búsetu við tilnefningu í úthlutunarnefnd. Finnur Yngvi spyr hvort nauðsynlegt sé að hafa varmenn þar sem sex fulltrúar séu í úthlutunarnefndinni. Albertína Friðbjörg fór yfir rök fyrir því að nauðsyn er á varamönnum. Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 17.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 18.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 19.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.
- 20.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

- 21.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá.
Sigurður Þór tekur til máls og leggur fram breytingartillögu um að klausa um launakostnað sé aftur sett inn, enda hafi hún verið sett inn til að tryggja tiltrú og traust. Axel Grettisson tók til máls og óskaði eftir því að ef breytingatillagan yrði samþykkt þyrfti að tryggja að launakostnaður tæki aðeins til stjórnarlauna en ekki annarra starfa innan SSNE. Rögnvaldur tók til máls og sagði að tekið hefði verið tillit til þessa og aðeins stjórnarlaun væru tiltekin. Breytingartillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.
- 22.gr. – Opnað fyrir mælendaskrá um greinina, enginn tók til máls, tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Albertína ber samþykktir SSNE í heild sinni upp og eru þær samþykktar samhljóða.

Þingforseti gefur Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur orðið, Albertína kynnir tillögu að ályktun um **Reykjavíkurflugvöll**.

Tillagan er borin upp og samþykkt samhljóða.

Albertína kynnir tillögu stjórnar um ályktanir þingsins um **Borgarstefnu**.

Tillagan er borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti gefur Gunnari Má Gunnarssyni orðið. Gunnar Már gerir grein fyrir tillögu sinni þar sem lagt er til að breyta nafni Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra í **Eyþing**.

Þingforseti opnar mælendaskrá um nafnabreytingu.

Lára Halldóra tekur til máls og tekur undir að nafn samtakanna sé of langt og það sé alveg spurning hvort „og atvinnuþróunar“ sé ofaukið í nafninu, en Eyþing þóknist henni ekki enda fylgi því ákveðin saga. Jafnframt er nafnabreyting kostnaðarsamt ferli og þarf að fara í það að vel ígrunduðu máli.

Monika Margrét tekur til máls og tekur undir að nafn samtakanna sé langt, en það sé nú orðið frekar þekkt hjá til dæmis þeim sem eru að sækja styrki og því ekki hentugt að breyta nafninu.

Halla Björk tekur til máls og lýsir þeirri skoðun sinni að of mikil saga fylgi Eyþings nafninu og því henti það ekki sem heiti fyrir samtökin.

Axel Grettisson tekur til máls og leggur fram frávísunartillögu. *Þingforseti ber upp frávísunartillöguna og er hún samþykkt samhljóða.*

Þingforseti kynnir tillögu um kosningu endurskoðanda: Enor hefur verið endurskoðandi SSNE og er tillaga stjórnar að svo verði áfram.

Tillagan er samþykkt samhljóða.

Svæðisbundið farsældarráð

Þingforseti gefur Þorleifi Kr. Níelssyni, verkefnastjóra farsældar orðið.

Þorleifur fer yfir svæðisbundið farsældarráð sem er nýtt verkefni hjá öllum landshlutasamtökunum. Einnig ætlar Þorleifur að varpa fram þeirri hugmynd að velferð og farsæld barna séu fyrirbæri sem eru nátengd byggðastefnu og nýsköpun til framtíðar lítið.

Þingforseti óskar eftir leyfi þingsins til að fela þingritara og þingforseta að ganga frá þinggerð. Ekki eru gerðar athugasemdir við það.

Þingi slitið

Þingforseti þakkar fyrir gott þing og gefur Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar SSNE orðið til að slíta þinginu.

Lára Halldóra þakkar þingfulltrúum, gestum og starfsfólki SSNE fyrir gott þing og sleit þinginu kl. 13:55